

Stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn miðvikudaginn 27. nóvember 2013 kl. 16-18 í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu.

Mætt voru: Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir, aðrir úr stjórn höfðu boðað forföll.

1. Ákveðið að boða til aðalfundur félagsins miðvikudaginn 26. febrúar 2014 í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu kl. 16:00. Íris Björk mun senda Héraðsnefnd beiðni um styrk fyrir kaffiveitingum á fundinum.
2. Framundan er fjórða Sæmundarstundin hjá stúdentum Háskóla Íslands sem haldin verður nálægt vorjafndægum 2014 við styttuna af Sæmundi fróði fyrir utan Háskóla Íslands. Formaður mun hafa samband við skrifstofu Háskóla Íslands til að minna á athöfnina. Ólík svið Háskólans hafa tekið að sér framkvæmdina. Jafnvel mun stjórn stefna á að halda stjórnarfund í framhaldinu.
3. Formanni barst bréf frá Samtökum um söguferðaþjónustu sem Rögnvaldur Guðmundsson ritaði. Varpaði hann þeirri spurningu fram hvort Oddafélagið hefði hug á því að ganga í samtökin. Áhugi stjórnar er á málinu en spurt var um árgjald og ákveðið að ræða málið nánar á aðalfundi í febrúar.
4. Formanni barst bréf frá Eyjólf Guðmundssyni í bréfinu fjallar Eyjólfur um áhuga sinn á því að láta rannsaka frekar og opna þá mörgu hella sem finna má í Rangárvallasýslu. Sömuleiðs er það hans hugmynd að í Odda yrði reist hús sem gæti verið sýningarhús fyrir muni sem hefðu fundist í hellunum. Formaður mun þakka honum bréflaga fyrir áhugann.
5. Formaður kom með fleiri bækur frá Ingibjörgu Sveinsdóttur ekkju Freysteins Sigurðssonar og bættist því í Freysteinssafn Oddafélagsins. Eru Ingibjörgu færðar miklar þakkar. Mun félagið kaupa nýjan skáp fyrir bækurnar. Formaður heldur áfram samskiptum við Landsbókasafn hvort hægt væri að tengja Freysteinssafn við það.
6. Spurði formaður gjaldkera um félagatal og eru félagar nú um 100 talsins og vel gekk að innheimta félagsgjöld. Formaður mun útbúa fréttabréf þar sem einnig verður minnt á árgjald og gefið upp reikningsnúmer félagsins. Verður bréfið sent út í desember.
7. Guðbjörg greindi frá stöðunni vegna landsskipta Oddatorfunnar, ekkert nýtt hefur gerst í þeim málum. Verður áfram ýtt á eftir því svo félagið geti ýtt á eftir skipulagsmálum er varða Sæmundarvelli.
8. Formaður mun athuga vilja fyrir því á Landsbókasafni að ritið Goðasteinn verði skannað inn á timarit.is þar með yrðu greinar sem birtar hafa verið í ritinum á vegum Oddafélagsins aðgengilegri.
9. Stjórn samþykkti að vera með næstu Oddastefnu í Reykjavík. Mun formaður kanna möguleikann á því að vera í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Leist stjórn vel á að tengja erindi stefnunnar við menningar- og sögutengda ferðaþjónustu. Verður Oddastefnan á laugardegi sem næst Sæmundardegi 22. maí.
10. Oddafélagið verður 25 ára 1. desember 2015. Rætt var um hvað væri hægt að gera í tilefni af afmæli. Þeim möguleika velt upp að fara í hópferð, utanför á slóðir Sæmundar fróða.

Þá var einnig rætt hvort vert væri að vinna að gerð minnismerkis um Snorra Sturluson ungan að árum í Odda. Ákveðið að ræða frekar á aðalfundi.

11. Stefnt var á að halda stjórnarfund í Reykjavík í byrjun febrúar á næsta ári.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30.